

Ráðstöfun mjólkur og inn- og útflutningur

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM

Heildarsala mjólkurvara frá aðildarfélögum SAM, mælt í kílóum og lítrum, minnkaði um 0,4% frá árinu 2021 til 2022, eða um 193 tonn. Samdráttur var í sölu fljótandi mjólkurvara (mjólk, sýrðar vörur og rjómi) en sala jókst í vöruflokkunum skyr, viðbit, ostar og duft.

Mestur var samdráttur í sölu Léttmjólkur um 580 tonn, en á móti jókst sala G-mjólkur um 430 tonn. Sé horft til sölupróunar í vöruflokkum þá minnkaði sala í flokknum mjólk og sýrðar vörur um 1,7% eða 660 tonn, sú breyting skýrist einkum af minni sölu Léttmjólkur og minni sölu mjólkur til afurðastöðva sem standa utan SAM. Sala á rjóma og sýrðum rjóma minnkaði um 72 tonn milli ára (-2,3%). Sala skyrar jókst um 102 tonn (3,6%), viðbits um 33 tonn (1,4%), osta um 217 tonn (3,6%) og sala á dufti jókst um tæp 187 tonn (15,8%).

Vöruflokkurinn mjólk og sýrðar vörur inniheldur meðal annars sölu á mjólk til vinnslu í fyrirtækjum sem vinna mjólkurvörur, en eru ótengd Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Sala mjólkur til vinnslu hjá þessum fyrirtækjum var um 4.280 tonn árið 2022 og minnkaði um um 8,6% milli ára.

Tafla 4. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2022	
	2000	2010	2020	2021	2022	frá 2010	frá 2021
Mjólk og sýrðar vörur	46.846.306	46.019.573	38.049.294	37.590.367	36.930.562	-19,8%	-1,8%
Rjómi og sýrður rjómi	2.040.739	2.333.831	3.232.888	3.173.937	3.101.863	32,9%	-2,3%
Skyr og skyrdrykkir	1.875.837	3.023.405	2.739.674	2.853.832	2.955.815	-2,2%	3,6%
Viðbit	1.518.387	1.857.719	2.327.611	2.366.160	2.399.281	29,2%	1,4%
Ostar	3.937.832	5.245.193	5.993.589	6.074.313	6.291.379	19,9%	3,6%
Duft	627.966	702.761	1.144.450	1.178.500	1.365.251	94,3%	15,8%
SAMTALS ALLS	56.847.067	59.182.482	53.487.506	53.237.109	53.044.151	-10,4%	-0,4%

SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN

Sala árið 2022 umreiknuð á fitu jókst um 2,0% frá fyrra ári og var 147,2 milljónir lítra. Sala umreiknuð á prótein árið 2022 var 128 milljón lítrar og jókst milli ára um 3,5%.


Síðustu tíu ár hefur sala á fitugrunni verið meiri en sala á próteingrunni. Af því leiðir að nú þarf um 19,2 milljónum lítra meira af mjólk til að svara eftirspurn eftir fituríkari mjólkurafurðum heldur en þarf til að svara eftirspurn eftir próteinríkari afurðum. Til að tryggja nægt framboð af öllum vörum árið 2022 þurftu aðildarfélög SAM þess vegna að kaupa 19 milljónum lítrum meira af mjólk heldur en þörf var fyrir vegna innleðrar eftirspurnar eftir vörum mælt á próteingrunni eingöngu.

Mismun á sölu á fitu- og próteingrunni er ekki hægt að mæta með öðrum leiðum en útflutningi á afurðum úr þeim efnapætti sem minna selst af innanlands. Verð á útflutningsmörkuðum eru lág og skila ekki nægum tekjum til að aðildarfélög SAM geti skilað bændum lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk sem notuð er til framleiðslu á mjólkurvörum sem seldar eru erlendis.

Til að tryggja nægjanlegt framboð allt árið af innlendum mjólkurafurðum og greiðslu á lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk þurfa aðildarfélög SAM þess vegna að bera tap af útflutningi vegna mismunar á


eftirspurn á fitu- og próteinhluta. Þann kostnað þurfa önnur fyrirtæki sem framleiða mjólkurafurðir á Íslandi ekki að bera.

Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 36,4% af heildarsölu mjólkurvara árið 2022 og lækkaði um 1,1 prósentustig frá árinu 2021. Heildarhlutur birgðavara (viðbit, ostur og duft) í umreiknaðri sölu miðað við fitu árið 2022 var 63,6%. Breyting milli ára voru innan við eitt prósentustig í öllum vöruflokkum.



Mynd 6. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2022.


Umreiknað á prótein lækkaði sala á ferskvörum 2022 í 42,1% af heildarsölu mjólkurvara árið 2022 úr 43,3% árið 2021. Heildarhlutur birgðavara (viðbit, ostur og duft) í sölu miðað við prótein árið 2022 var 57,9%.



Mynd 7. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2022

Frá 1993 til 2017 jókst sala á innlendum birgðavörum jafnt og þétt, hvort sem litið er til heildarsölu eða sölu á hvern íbúa. Frá 2017 hefur sala birgðavara haldist nokkuð jöfn þegar horft er til heildarsölu, en þar með lækkað nokkuð á hvern íbúa. Á sama tíma hefur sala ferskvara (mjólk, rjómi, skyr og sýrðar vörur) að mestu staðið í stað eða lækkað hægt. Þegar þróun síðustu 30 ára er skoðuð kemur í ljós að sala birgðavara hefur aukist samtals um 88%, en á sama tíma hefur sala ferskvara minnkað um 22%. Til samanburðar hefur íbúum Íslands fjölgað um 43% á sama tíma. Rétt er að taka fram að til framleiðslu á hverju kíló af birgðavörum þarf marga lítra mjólkur (t.d. þarf um 10 ltr af mjólk í hvert kíló af osti og um 21 lítra af mjólk í hvert kíló af smjöri). Aukin sala birgðavara síðustu 30 ára hefur leitt af sér um 49%

aukningu á heildarsölu mjólkur frá íslenskum kúabúum til íslenskra afurðastöðva. Það er aukning úr tæpum 100 milljónum lítra í tæpa 150 milljónir lítra



Mynd 8. Þróun mjólkurframleiðslu (innvigtunar) og sölu mjólkurafurða á Íslandi 1993-2022

HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Vegna neyslubreytinga hefur hlutfall á milli sölu reiknaða á fitugrunni og próteingrunni breyst síðustu tvo áratugi, þó einkum 2012 - 2017. Árið 2012 var sala á próteingrunni 1,3 milljónum lítra meiri en á fitugrunni. Fram til 2016 jókst sala á fitugrunni hratt og árið 2017 var sala á fitugrunni orðin 13 milljónum lítra hærrí en sala á próteingrunni. Frá 2017 minnkaði sala á próteingrunni vegna aukins innflutnings osta. Afleiðing þessara breytinga er að árið 2022 er sala á fitugrunni orðin um 19,2 milljónum lítra meiri en sala á próteingrunni. Yfirlit sölu mjólkurafurða reiknað á fitu- og próteingrunn frá árinu 2002 til 2022 er birt í töflu 5 hér á eftir.

Tafla 5. Sala almanaksáranna 2002 til 2022 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
2008	112.296.910	117.119.187	-4.822.277
2009	115.578.564	117.667.979	-2.089.415
2010	110.657.216	114.696.290	-4.039.074
2011	111.489.161	113.692.483	-2.203.322
2012	114.143.061	115.455.991	-1.312.930
2013	120.802.939	117.625.945	3.176.994
2014	128.967.850	121.183.320	7.784.530
2015	132.832.674	122.629.610	10.203.064
2016	139.204.556	129.032.673	10.171.883
2017	145.113.569	132.051.453	13.062.116
2018	144.778.867	129.491.804	15.287.063
2019	146.984.651	126.248.446	20.736.205
2020	142.778.851	122.454.533	20.324.318
2021	144.292.096	123.635.536	20.656.560
2022	147.203.455	127.997.303	19.206.152
Breyting frá 2021	2,0%	3,5%	-7,0%

SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á drykkjarmjólk (nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og fjörmjólk) var 20,8 milljónir lítra árið 2022 og minnkaði um 0,6 milljón lítra frá árinu 2021. Sala á drykkjarmjólk hjá aðildarfélögum SAM hefur minnkað um 9 milljónir lítra frá árinu 2012, eða um 30,3%.

Tafla 6. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2022.

Vörutegundir	1995	2010	2019	2020	2022	Breyting frá 2010	Breyting frá 2021
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	31.734.388	22.567.162	22.400.119	20.847.673	-34%	-3,0%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	18.782.886	15.529.461	15.424.972	15.093.941	-20%	-0,1%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	32.850.555	23.667.608	23.649.885	21.990.722	-33%	-2,8%

INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara var 1.089 tonn árið 2022 og jókst um rúm 20 tonn frá 2021. Innflutningur á ferskum vörum jókst um 11 tonn og innflutningur á dufti um tæp 13 tonn. Innflutningur osta minnkaði um 3,6 tonn. Árið 2022 var um 12,5% af sölu innlendra osta, en árið 2021 var innflutningur um 13% af sölu innlendra osta á Íslandi. Í magni hefur innflutningur osta aukist um 459 tonn frá árinu 2016, þegar sala innfluttra osta var 5,1% af markaðnum. Hlutfall erlendra osta hefur þannig rúmlega tvöfaldast frá 2016. Þessi breyting skýrir að verulegum hluta af hverju sala innlendra birgðavara hefur að mestu staðið í stað frá 2017, þrátt fyrir stöðuga söluaukningu í 23 ár þar á undan.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna á hverju ári áætlun um hvað mikla mjólk hefur þurft til framleiðslu á innfluttum mjólkurvörum. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2022 rúmar átta milljónir lítra en um 5,8 milljónir lítra á fitugrunni. Breytingar á innflutningi á fitu- og próteingrunni voru litlar (-1,2% fita og +0,4% prótein).

Tafla 7. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2022, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2020	2021	2022	Breyting frá 2000	Breyting frá 2021
Ferskvörur	10	394	264	243	253	-141	11
Smjör	0	0	4	5	5	5	0
Ostur	42	162	645	788	784	622	-4
Duft	0	0	19	34	47	47	13
SAMTALS	52	556	931	1.069	1.089	533	20

Heimild: Útflutningsskýrslur Hagstofu Íslands og útreikningar SAM.

ÚTFLUTNINGUR

Útflutningur mjólkurafurða minnkaði um 699 tonn milli ára. Útflutningur á osti minnkaði um 200 tonn, útflutningur á dufti minnkaði um 499 tonn og útflutningur á smjöri minnkaði um 22 tonn. Árið 2021 var útflutningur mjólkurafurða óvenju mikill eftir truflun á heimsviðskiptum vegna Covid; árið 2022 var útflutningur kominn í eðlilegra horf miðað við framleiðslu og sölu innanlands. Rétt er að taka fram að útflutningur á osti er nær eingöngu fitulaus ostur sem framleiddur er úr undanrennu. Umreiknað á próteingrunn samsvarar útflutningur um 25 millj. lítra en á fitugrunni reiknast útflutningur um 2,3 millj. lítra.

Allur útflutningur á smjöri er vegna framleiðslu mjólkur umfram greiðslumark, en meirihluti útflutnings á próteingrunni er vegna misvægis í sölu á fitu og próteini innanlands.

Tafla 8. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2022, tonn.


Vöruflokkur	1995	2000	2020	2021	2022	Breyting frá 2000	Breyting frá 2021
Ferskvörur	0	14	842	1.022	1.044	1.030	22
Viðbit	89	236	237	280	80	-156	-200
Ostur	0	0	698	1.295	1.273	1.273	-22
Duft	0	106	780	769	270	164	-499
SAMTALS	89	356	2.557	3.366	2.667	2.311	-699

BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Birgðir mjólkurvara í landinu minnkuðu um 325 tonn árið 2022. Ostabirgðir lækkuðu um 418 tonn og voru 1.503 tonn í árslok. Duftbirgðir jukust um 79 tonn og voru 364 tonn í árslok. Birgðir af viðbiti voru 350 tonn í árslok 2022 og höfðu hækkað um 13 tonn á árinu.

Birgðir mjólkurvara hjá aðildarfélagum SAM í landinu miðast að jafnaði við að mögulegt sé að tryggja nægt framboð af öllum mjólkurafurðum allt árið, óháð sveiflum í framleiðslu og eftirspurn. Sala á viðbiti er að jafnaði 200 tonn á mánuði og birgðir í árslok 2022 námu því rúmlega eins og hálfmánaðar sölu. Sala á dufti er um 100 tonn á mánuði og birgðir nema því tæplega þriggja mánaða sölu.

Sala á osti er um 500 tonn á mánuði og birgðir nema því tæplega þriggja mánaða sölu. Við mat á birgðum osta er nauðsynlegt að benda á að ostur er „lifandi vara“ og hluti af framleiðsluferli algengustu tegunda osta er geymsla þeirra við ákveðin hitastig í að lágmarki tvo mánuði áður en þeir eru tilbúnir til neyslu. Til að unnt sé að tryggja nægt framboð osta sem eru tilbúnir til neyslu hverju sinni, eru lágmarks birgðir osta um 1.500 tonn hverju sinni. Til skýringa á birgðum osta í lok árs 2020 er rétt er að minna á að birgðir osta voru þá óvenju miklar vegna sölutregðu af völdum heimsfaraldurs Covid-19.



Mynd 9. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2022.

SALA, BIRGÐIR OG ÚTFLUTNINGUR MIÐAÐ VIÐ FITU

Lækkun birgða árið 2022 var 6,9% miðað við fitu, eða sem nemur um 1,5 millj. lítrum. Útflutningur nam um 2,9 milljónum lítra á fitugrunni og minnkaði um 3,6 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2010 til 2022 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
2010	12.766.209	123.178.275	110.657.216	11.111.916	14.255.427	-80.075
2011	14.255.427	124.462.110	111.489.161	11.879.927	15.317.232	31.217
2012	15.317.232	125.092.988	114.143.061	13.547.255	11.636.267	1.083.637
2013	11.636.267	122.913.961	120.802.939	2.048.961	8.390.204	3.308.124
2014	8.560.088	133.513.735	128.967.850	762.410	11.112.828	1.230.735
2015	11.112.828	146.034.433	132.832.674	144.353	22.970.399	1.199.834
2016	22.970.399	150.322.481	139.204.556	11.535.614	20.861.432	1.691.278
2017	21.254.260	151.116.865	145.113.569	3.400.734	22.696.395	1.160.427
2018	22.676.923	152.408.980	144.778.867	7.360.924	22.425.317	520.795
2019	22.425.317	151.838.668	146.984.651	4.944.228	23.187.874	-852.767
2020	22.865.745	151.180.148	142.778.851	5.480.364	26.097.624	-310.946
2021	26.097.624	148.827.748	144.292.096	6.546.735	21.077.503	3.009.038
2022	21.267.678	147.966.914	147.203.455	2.933.066	19.612.363	-514.292
Breyting frá 2021	-18,5 %	-0,6 %	2,0 %	-55,2 %	-6,9%	-117,1 %

SALA, BIRGÐIR OG ÚTFLUTNINGUR MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein lækkuðu um 4,0 milljónir lítra árið 2022 eða um 14,5%. Útflutningur nam 24,9 milljónum lítra á próteingrunni og minnkaði um 6,9 millj. lítra milli ára.

Tafla 10. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2010 til 2022 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
2010	19.793.402	123.178.275	114.696.290	8.635.410	20.656.645	-1.016.668
2011	20.656.645	124.462.110	113.692.483	10.665.406	21.794.533	-1.033.667
2012	21.794.533	125.092.988	114.455.991	13.504.866	17.366.590	560.074
2013	17.366.590	122.913.961	117.625.945	5.758.562	13.137.335	3.758.709
2014	13.361.308	133.513.735	121.183.320	4.807.970	20.878.743	5.010
2015	20.878.743	146.034.433	122.629.610	9.459.853	33.982.442	841.272
2016	33.982.442	150.322.481	129.032.673	24.077.984	27.359.049	3.835.217
2017	20.008.431	151.116.865	132.051.453	17.002.229	29.366.248	705.366
2018	29.373.231	152.408.980	129.491.804	22.839.883	28.017.046	1.433.478
2019	28.017.046	151.838.668	126.248.446	22.499.704	29.684.595	1.422.969
2020	29.916.732	151.180.148	122.454.533	22.653.329	36.102.322	-113.304
2021	36.102.322	148.827.748	123.635.536	31.814.571	27.677.298	1.802.665
2022	27.800.118	147.966.914	127.997.303	24.938.908	23.662.983	-832.162
Breyting frá 2021	-23,0 %	-0,6 %	3,5 %	-21,6 %	-14,5 %	-146,2 %